



## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	<b>11. desember 2023</b>	Stig:	<b>Hættustig</b>
Tekið saman af:	<b>Dagbjartur Kr. Brynjarsson</b>		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	<b>659 9099</b>

**Föstudaginn 8. Desember kl 16:30 gaf veðurstofan út nýtt hættumat fyrir svæðið í kringum Grindavík og Svatsengi.**

### Frá Veðurstofu 8. Desember 2023

Umbrotahrinunni sem hófst með landrasi við Svatsengi í október er ekki lokið.

Land heldur áfram að rísa á sama hraða og síðustu daga. Á meðan að kvika heldur áfram að safnast fyrir við Svatsengi eru líkur á öðru kvikuhlaupi sem gæti endað með eldgosi. Ef til kvikuhlaups kemur er líklegast að kvikan hlaupi aftur inn í kvikuganginn sem myndaðist 10. nóvember. Líklegasti upptakastaður eldgoss er norður af Grindavík í átt að Hagafelli og svæðinu við Sundhjúksgíga.

Ekki er hægt að fullyrða neitt um hvenær næsta kvikuhlaup verður og gæti það hafist með skömmum fyrirvara. Óvissan um tímasetningu er mjög mikil og kvikuhlaup gæti orðið á næstu dögum eða mögulega eftir marga mánuði.

Skjálftavirkni hefur haldist nokkuð jöfn síðustu daga. Stærsti skjálftinn sem mælst hefur síðustu 3 daga er 2,3 að stærð, en flestir skjálftanna eru í kringum 1 að stærð, alls 30 skjálftar.

Nýtt hættumatskort hefur verið gefið út. Kortið sýnir mat á hættum sem eru til staðar og nýjum hættum sem gætu skapast með litlum fyrirvara innan tilgreindra svæða.

Eingöngu er lagt mat á hættu innan þessara svæða, en hættur geta leynst utan þeirra.

Aðstæður innan og utan svæðanna geta breyst með litlum fyrirvara.

Kortið verður uppfært reglulega og ræðst af því hver þróun virkninnar verður.

Hættumatskort má finna aftast í stöðuskýrslunni og hér:

[https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi\\_VI\\_8des.png](https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_8des.png)

Opnað hefur verið fyrir að ákveðnir starfsmenn Bláa Lónsins og Northern Lights inn hafi heimild til þess að fara á svæðið til að sinna viðhaldi, eftir atviku öðrum störfum.

### Aðgengi að svæðinu

Aðgengi að Grindavík er stýrt af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum en í dag er opið fyrir íbúa frá kl. 7 á morgnana til kl. 17 síðdegis. Fyrirtæki geta hafið starfsemi kl. 7 en þurfa að hætta starfsemi kl. 21. Fyrirtæki geta hafið rekstur þar sem lagnakerfi eru í lagi en unnið er að því að koma þessum kerfum í lag. Eigendur fyrirtækja þurfa að huga að



Þessu sérstaklega áður en starfsemi getur hafist á ný. Þeir hafi eigin viðbragðsáætlanir klárar fyrir sitt fólk. Fjölmiðlar hafa aðgang að Grindavík til kl. 21 daglega. Íbúum og starfsmönnum fyrirtækja verður ekki fylgt inn á svæðið en björgunarsveitir verða í viðbragðsstöðu víða um bæinn. Það sama gildir fyrir fjölmiðlafólk. Óviðkomandi er bannaður aðgangur. Bílar verða taldir inn og út af svæðinu. Fyrri rýming er eftir kl. 17 og sú seinni eftir kl. 21.

**Uppfært 11. desember:** Hægt er að sækja um leyfi fyrir starfsmenn Bláa lónsinnis og Northern light inn til að aka Grindavíkurveg að vinnustað og tilbaka.

### **Beiðnir frá Ferðaþjónustunni.**

Eftir samtal við Áfangastaðinn Reykjanes í gær óskaði Ferðamálastofa eftir að lokunarpóstur á Suðurstrandarvegi yrði færður frá gatnamótum Krísuvíkurvegar og Suðurstrandarvegar að afleggjara að Selatöngum. Með því myndu eftirfarandi áfangastaðir opnast almenningi og ferðamönnum:

- Krísuvíkurbjarg
- Húshólmi
- Selatangar
- Katlahraun

Erindinu hefur ekki verið svarað ennþá þrátt fyrir ítrekanir.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099

